

Pingsályktun
um skipun starfshóps um athugun á tilgangi og hlutverki aðgerðateymis
þjóðkirkjunnar og úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing 2025-2026 samþykkir að skipa starfshóp þriggja manna sem fari yfir hlutverk og tilgang aðgerðateymis þjóðkirkjunnar og úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar. Starfshópurinn leggi mat á hvort tilefni sé til að endurskoða stjórnkerfi kirkjunnar hvað varðar ábyrgðarsvið og starfsreglur sem gilda um framangreindar nefndir.

Ef við á athugi starfshópurinn hvort þörf sé á endurskoðun á eftirfarandi:

1. Ákvæði 2. gr. starfsreglna um úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar nr. 36/2022-2023, sbr. 7. mál 67. kirkjuþings 2025-2026.
2. Ákvæði 1. gr. og 5. gr. starfsreglna um meðferð mála og aðgerðir er varða einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni, ofbeldi, ámælisverða og refsiverða háttsemi innan þjóðkirkjunnar nr. 52/2022-2023, sbr. 15. og 16. mál 67. kirkjuþings 2025 - 2026.

Starfshópurinn skili skýrslu með tillögum sínum til kirkjuþings fyrir 1. febrúar 2026.

Samþykkt á kirkjuþingi 28. október 2025 og birt á opnum vef kirkjunnar 1. nóvember 2025.

Drífa Hjartardóttir forseti kirkjuþings

Í starfshópinn voru kosin á kirkjuþingi þann 28. október 2025:

Arnfríður Einarsdóttir, lögfr., fyrrv. Landsréttardómari

Benedikt Jóhannsson, sálfr., fyrrv. forstöðumaður Fjölskylduþjónustu kirkjunnar

Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup